

Aðalfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Dags: 18.5.2022, kl.20

Fundur haldinn í sal ÍSÍ

Dagskrá aðalfundar:

- a. Kosning fundarstjóra
- b. Kosning ritara
- c. Árskýrsla
- d. Endurskoðaðir ársreikningar síðasta árs lagðir fram
- e. Tillögur að lagabreytingu
- f. Kjör formanns, meðstjórnenda, varamanna
- g. Kjör skoðunarmanna
- h. Önnur mál

A og b. Kosning fundarstjóra og ritara

23 félagsmenn mættir.

Formaður setur fundinn, tilkynnir Anitu sem ritara fundarins og Puru sem fundastjóra sem er samþykkt af fundargestum.

c. Árskýrsla

Klifurbúðin er með nýjar vörur og búið er að opna vefverslun fyrir hana. Margt búið að gerast á árinu, má nefna til dæmis lýsing á klifri á ólympíuleikunum, fögnuðum 20 ára afmæli í febrúar, hjálpuðum til með að opna klifurvegg í Garðabæ (gott samstarf milli Klifurfélags Reykjavíkur og Garðabæ) keyptar voru festur fyrir 3.8 milljónir, breytingar hafa verið gerðar á annarri hæð þannig að rýmið nýtist núna miklu betur, málað var milli jóla og nýjárs og erum núna komin með áskriftarkerfi, þannig að hægt er að verða með árskort í mánaðarlegum greiðslum.

Reksturinn gengur vel, hagnaður um 15 milljónir, sem er met fyrir Klifurfélag Reykjavíkur. Árið 2019 var metár í kaupum á einu skipti, datt svo niður 2020 og 2021 (Covid).

Elmar nýráðinn sem landsliðsþjálfari. Námskeið og æfingar eru vel skipulögð, þar sem er byrjað í byrjendaboulders, fara svo yfir í v hópa. Pláss á námskeið fyrir krakka eru fullnýtt, skortur á plássu sem hamlar að geta tekið inn fleiri.

Erum búin að halda RIG 3svar.

Skiptir miklu máli að leiðasmíði sé góð og allir æfingahópar séu með leiðir sem henta þeirri getu.

Jón Viðar heldur vel utan um Boltasjóð, hverju er úthlutað og fleira.

d. Endurskoðaðir ársreikningar síðasta árs lagðir fram

Skoðunarmenn hafa farið yfir ársreikninginn, hagnaður fyrir síðasta ár var um 15 milljónir og rekstrartekjur komnar í næstum 100 milljónir.

Launakostnaður hefur hækkað, búið að fjölga starfsmönnum til að geta verið með fleiri æfingar og fleiri námskið. Einnig var bætt við starfsmanni í fullt starf og síðan hafa verið kjarabundnar hækkanir.

Hægt er að sjá ársreikninginn á heimasíðu.

Ábending frá skoðunarmanni: 3 kredikort í gangi núna og einhverjar bensínúttektir sem mætti skoða að hafa á sér bensínkorti.

Erum með marga aðila sem eru með skoðunaraðgang, sem er gott mál.

Eigum skuldarbréf sem hefur ekkert verið greitt inná í mörg ár, og verður byrjað að afskrifa á næstu árum.

Sérfræðiþjónusta hefur hækkað töluver vegna þess að Þóra hefur tekið meira að sér, greiðir meðal annars út laun. Önnur sérfræðiþjónusta er meðal annars vegna leiðarsmíðar, þar sem fyrirtæki sem Adrian er með hefur tekið að sér einhverja leiðarsmíði.

Ársreikningur samþykktur einróma.

e. Tillögur að lagabreytingu

Tillaga um breytingu á 5.grein – bætt við áheyrnarfulltrúa ungs fólks. Ætlum að vera fyrirmyndafélag ÍSÍ, til að sýna að við séum með okkar mál/verkferla á hreinu.

Breytingartillaga á 5.grein samþykkt einhljóða.

Breytingartillaga á 6.grein, viljum taka töluna útúr lagagrein svo stjórn sé frjálst að stýra félagagjaldi meðal annars í samræmi við gjöld sem félagið þarf að standa skil af til Klifursambands Íslands vegna félaga.

Breytingartillaga á 6tu grein samþykkt einhljóða.

Sjá Viðhengi 1 fyrir breytingar.

f. Kjör formanns, meðstjórnenda, varamanna

Hilmar Ingimundarsson – býður sig fram áfram til formanns, ekkert mótframboð.

Meðstjórnandaframboð – Marínó Eggertsson bauð sig fram til stjórnar, hefur verið virkur í nefndarstörfum.

Enginn mótframboð.

Áframhaldandi seta – Sigtryggur Ari Jóhannsson, bauð sig fram fyrir tveimur árum, vill fylgja eftir öllu húsnæðispælingum eftir.

Varamaður – Anita Sigurbjörg Ásmundsdóttir

Varamaður – Emil Bjartur Sigurjónsson

Allir samþykktir.

g. Kjör skoðunarmanns

Palli bíður sig áfram fram sem skoðunarmann reikninga, samþykkt.

h. Önnur mál

12.júní verður deep water solo útá Granda, sama dag og sjómannadagurinn er. Það verður haldin keppni í deep water solo og íþróttin kynnt fyrir Reykjavíkurborg. Auglýsum vel og komum þessu í streymi. Styrkir fyrir þessu koma frá velunnurum félagsins og Sjómannadagsnefnd.

Verkefnastaða Klifurfélags Reykjavíkur kemur til með að breytast eftir stofnun Klifursambands Íslands.

Keypt var kaffivél á árinu og betri kaffibaunir (að margra mati).

Hilmar formaður vildi fá orðið til að fara yfir húsnæðismál:

- Samningur rennur út á næsta ári, leigusalar eru búnir að samþykkja að við fáum að vera 1 ár í viðbót en þá mun leigan hækka um 5 milljónir á næsta ári. Sjáum fram á að þyrfa að vera næstu 2-3 árin í núverandi húsnæði og ansi margt sem þarf að gera, til dæmis verður skipt um alla glugga á árinu.
- Toppstöðin er það sem hefur verið skoðað sem mest, ekki annað plan til fyrir klifurhúsið, en strandaði á peningamálum. Því máli getur seinkað ansi mikið ef farið verður aftur í útboð.
- Nýafstaðin kosning, vitum ekki hver mun fara með okkar mál og gerist lítið á meðan verið er að mynda nýja stjórn. Sjáum fram á bið í 2-3 vikur, þangað til við vitum við hvern við eigum að tala.
- Við þurfum núna að fara að beita þrýstingi og fara að horfa á plan b og plan c, þurfum að horfa á aðrar leiðir en Toppstöðina.

Fundi slitið kl.21.25

Fundarritari: Anita S. Ásmundsdóttir

Viðhengi 1. Tillögur að lagabreytingum

Fimmta grein hljóðar svo:

5. grein

Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveim til vara. Stjórnarformaður skal kjörinn sérstaklega en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn, þannig að tveir meðstjórnendur og formaður skulu kosnir annað hvert ár og tveir meðstjórnendur annað hvert ár. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfund þegar þurfa þykir en eigi sjaldnar en með tveggja mánaða fresti. Á fyrsta stjórnarfund eftir aðalfund skal stjórnin kjósa um það hver meðstjórnenda fer með hlutverk varaformanns, hver fer með hlutverk ritara, tilnefna aðila sem gjaldkera ásamt því að kjósa meðstjórnanda til að gegna hlutverki skoðunarmanns og tilnefna fulltrúa stjórnar í Boltasjóðsnefnd (þrír eru í nefndinni og þar af einn úr stjórn).

Stjórninni er heimilt að skipa framkvæmdastjóra fyrir félagið sem annast daglega umsjón félagsins. Framkvæmdastjóri situr ekki í stjórn félagsins.

Tillaga á breytingum:

5. grein

Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveim til vara. Stjórnarformaður skal kjörinn sérstaklega en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn, þannig að tveir meðstjórnendur og formaður skulu kosnir annað hvert ár og tveir meðstjórnendur annað hvert ár. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Formaður boðar stjórnarmenn [og áheyrnarfulltrúa](#) á stjórnarfund þegar þurfa þykir en eigi sjaldnar en með tveggja mánaða fresti. [Meðal verkefna stjórnar á](#) fyrsta stjórnarfund eftir aðalfund eru [eftirfarandi](#):

- Kjósa um hvaða meðstjórnandi fer með eftirfarandi hlutverk: Varaformaður, ritari, skoðunarmaður reikninga og fulltrúi stjórnar í Boltasjóðsnefnd (þrír eru í nefndinni og þar af einn úr stjórn)
- Tilnefna og samþykkja gjaldkera
- [Tilgreina og samþykkja fulltrúa ungs fólks sem er á aldursbilinu 16-25 ára](#)

Kosið er í hlutverk fulltrúa ungs fólks til eins árs í senn. Sé fulltrúi ungs fólks ekki stjórnarmeðlimur skal hann vera áheyrnarfulltrúi sem hefur rétt á að sitja stjórnarfund og koma sínum skoðunum á framfæri.

Stjórninni er heimilt að skipa framkvæmdastjóra fyrir félagið sem annast daglega umsjón félagsins. Framkvæmdastjóri situr ekki í stjórn félagsins.

Sjötta grein hljóðar svo:

6. grein

Starfstímabil félagsins miðast við aðalfund. Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Almennur félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Aðeins félagsmenn hafa þátttökurétt á almennum félagsfundi en allir geta orðið félagsmenn í félaginu. Félagsmenn eru þeir sem eiga gild æfingakort í Klifurhúsinu, undanskilið 10 tíma kort og mánaðarkort eða hafa greitt 1500kr í félagsgjöld. Á almennum félagsfundi gilda almenn fundasköp en stjórn félagsins skipar fundarstjóra. Atkvæði einfalds meirihluta fundarmanna ráða.

Almennan félagsfund skal halda a.m.k. einu sinni á ári í formi aðalfundar.

Stjórn félagsins getur boðað til almenns félagsfundar eftir því sem henta þykir. Boða skal til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara og mest fjögurra vikna fyrirvara með því að senda bréfi í almennum pósti til félagsmanna eða með öðrum sambærilegum hætti, svo sem á vef félagsins.

Ef fram kemur krafa um slíkt frá 1/5 hluta félagsmanna skal stjórn boða til almenns félagsfundar til umfjöllunar um tiltekið mál á sama hátt og boðað er til aðalfundar.

Tillaga á breytingum:

6. grein

Starfstímabil félagsins miðast við aðalfund. Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Almennur félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Aðeins félagsmenn hafa þátttökurétt á almennum félagsfundi en allir geta orðið félagsmenn í félaginu. Félagsmenn eru þeir sem eiga gild æfingakort í Klifurhúsinu, undanskilið 10 tíma kort og mánaðarkort, eða hafa greitt félagsgjald. Á almennum félagsfundi gilda almenn fundasköp en stjórn félagsins skipar fundarstjóra. Atkvæði einfalds meirihluta fundarmanna ráða.

Almennan félagsfund skal halda a.m.k. einu sinni á ári í formi aðalfundar.

Stjórn félagsins getur boðað til almenns félagsfundar eftir því sem henta þykir. Boða skal til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara og mest fjögurra vikna fyrirvara með því að senda bréfi í almennum pósti til félagsmanna eða með öðrum sambærilegum hætti, svo sem á vef félagsins.

Ef fram kemur krafa um slíkt frá 1/5 hluta félagsmanna skal stjórn boða til almenns félagsfundar til umfjöllunar um tiltekið mál á sama hátt og boðað er til aðalfundar.